

7. gr.

Forstöðumaður fer með stjórn fjármála Þekkingarseturs Þingeyinga í umboði stjórnar. Óheimilt er að stofna til útgjalda umfram heimild stjórnar. Reikningsár stofnunarinnar er 1. janúar til 31. desember. Forstöðumaður skal fyrir 1. október ár hvert leggja rekstraráætlun næsta árs fyrir stjórn til afgreiðslu. Hann skal sjá um að ársreikningur berist Ríkisendurskoðun með tilskyldum hætti ár hvert. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988.

8. gr.

Tekjur Þekkingarseturs Þingeyinga eru eftirfarandi: Opinber framlög, tekjur fyrir þjónustu og aðstöðu, framlög aðila samkvæmt samningum Þekkingarsetursins við þá, framlög fyrirtækja og samtaka, tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi og aðrar sértekjur.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki 2/3 hluta stjórnar enda sé fundur löglegur og boðaður með viku fyrirvara og tillaga um slíkt verið kynnt sérstaklega í fundarboði. Þekkingarsetur Þingeyinga verður aðeins lagt niður með ákvörðun 2/3 hluta stjórnar. Verði stofnunin lögð niður skal eigum hennar ráðstafað í héraði með tilliti til markmiða hennar. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á þessari skipulagsskrá og breytingar hljóta staðfestingar dómsmálaráðherra.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. mars 2004.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUR

um greiðslu fyrir lögregluaðstoð við flutning.

1. gr.

Reglur þessar eiga við um aðstoð lögreglu við flutning á farmi sem stærðar sinnar vegna getur stafað hættu af, svo sem húsum, stórum bifreiðum og farmi sem nær út fyrir pall flutningabifreiðar eða er óvenjulega hár, langur eða þungur.

2. gr.

Farmeigandi skal sækja um flutning skv. 1. gr. til lögreglustjóra með hæfilegum fyrirvara og er slíkur flutningur einungis heimill að fengnu leyfi lögreglustjóra og með þeim skilyrðum sem í leyfi lögreglustjóra greinir. Lögreglustjóri metur hvort lögreglufylgd er nauðsynleg við flutninginn og hvernig fylgd verði háttað þannig að eigi stafi hættu af.

Sé farmurinn það stór að hann komist ekki yfir eða undir brú eða rafmagnslínur á fyrirhugaðri leið, ákveður lögregla hvaða leið skuli farin að ákvörðunarstað farmsins. Sé ekki unnt að fara fleiri en eina leið og farmur er of stór fyrir fyrirhugaða leið, synjar lögreglustjóri um leyfi til flutnings.

Þurfi að taka niður eða færa til umferðarmerki, raf- eða símalínur eða annað þess háttar til að hliðra til við flutning, skal farmeigandi afla tilskilinna leyfa hjá þar til bærum yfirvöldum og fyrirtækjum, s.s. Vegagerð ríkisins, viðkomandi sveitarfélagi eða orku- eða síma-fyrirtæki og greiða þann kostnað sem af slíku kann að hljóta. Viðkomandi yfirvöld og fyrirtæki annast þá tilfærslu eða hliðrun sem um ræðir.

3. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að krefjast gjalds af farmeiganda fyrir aðstoð við flutning skv. 1. gr. Gjaldið skal greiðast samkvæmt sundurliðuðum reikningi lögreglustjóra og tekur fjárhæð gjaldsins mið af útseldri vinnu lögreglumanna samkvæmt reglum ríkislögreglustjóra þar um, fjölda þeirra lögreglumanna sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að sinni aðstoðinni, þeim tíma sem flutningurinn tekur og tilfallandi aksturskostnaði lögreglubifreiða við aðstoðina samkvæmt kílómetragjaldi ríkislögreglustjóra vegna reksturs lögreglubifreiða. Sé um að ræða fleiri en eitt ökutæki lögreglu, með mismunandi kílómetragjaldi, skal reikna meðaltal kílómetragjalds þeirra ökutækja.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 34. gr. og 40. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. mars 2004.

Björn Bjarnason.

Þorsteinn Geirsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 20. janúar 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi miðbæjar. Breytingin felst í því að skilgreining notkunar á reit þar sem eru húsin nr. 81–85 við Hafnarstræti breytist úr miðbæjarstarfsemi í miðbæjarstarfsemi og íbúðir og að teiknaður er reitur fyrir stækkaða 5. hæð hússins nr. 81.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 15. mars 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.